

Sjónarhorn “eiganda” gagna

Hvenær má veita upplýsingar og hvenær ekki?

ANNA BJÖRK BJARNADÓTTIR

Beiðni um fjarskiptaupplýsingar í þágu rannsóknar sakamála

- Friðhelgi einkalífs er talin til grundvallarmannréttinda í lýðræðisþjóðfélögum
- Friðhelgi einkalífsins verður aðeins aflétt með lögum - 71. gr. stjórnarskrár
- Fjarskiptalög og sakamálalög segja fjarskiptafyrirtækjum til um hvenær má skerða friðhelgi einkalífs í þágu rannsóknar sakamála
- Dómsúrskurð þarf til að afhenda fjarskiptaupplýsingar til rannsóknaraðila
- Rútínuaðgerð þar sem beiðnir skipta tugum á ári, fastsettum ferlum og verklagsreglum fylgt



Afhverju kærði Síminn úrskurð Héraðsdóms til Hæstaréttar?

- „Samkvæmt 80. gr. laga nr. 88/2008 er heimilt í þágu rannsóknar sakamáls að leggja fyrir fjarskiptafyrirtæki að veita upplýsingar um símtöl eða önnur fjarskipti við tiltekinn síma, enda sé fullnægt skilyrðum 1. mgr. 83. gr. og 1. mgr. 84. gr. laganna.“
- „Heimild til að afla fjarskiptagagna samkvæmt 80. gr. laga nr. 88/2008 er íþyngjandi rannsóknarúrræði, sem felur í sér undantekningu frá 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Af þeim sökum verður ákvæðið ekki skýrt rýmra en leiðir af texta þess.“
- Hluti af ferlinu er að gæta þess að úrskurður um hlerun, afhendingu á gögnum o.s.frv. sé innan lagaramma
- Endurtekin dæmi um of víðtækar heimildir



Úrskurður Hæstaréttar

- „Skilyrði þess að heimilt sé að afla umræddra gagna er að rökstuddur grunur sé fyrir hendi um að tiltekinn sími eða fjarskiptataeki hafi verið notað í tengslum við refsivert afbrot.
- Í því máli sem hér er til úrlausnar beinist krafa sóknaraðila ekki að tilteknum síma eða fjarskiptataeki heldur að því að veittar verði upplýsingar um alla farsíma sem hringt var úr eða í um fjarskiptamöstur og náðust inni í Herjólfsdal á tilgreindum tíma. Þar sem krafa sóknaraðila gengur lengra en rúmast innan heimildar 80. gr. laga nr. 88/2008 verður henni hafnað.“
- Meintir glæpir eru misalvarlegir
- Það er hlutverk Alþingis að kveða á um valdheimildir lögreglu, en ekki ákvörðun fjarskiptafyrirtækja hverju sinni
- Nauðsynlegt að taka umræðu um hvort rýmka þurfi heimildir lögreglu



Framkvæmd hlerana á Íslandi

- Síminn hefur óskað eftir því við innanríkisráðuneytið að framkvæmd hlerana verði alfarið færð frá fjarskiptafyrirtækjunum
- Öryggi starfsmanna stefnt í hættu – ekki varðir sem opinberir starfsmenn – Lögregla hefur betri úrræði til að tryggja öryggi eigin starfsmanna
- Tækni og búnaður til sem gerir þetta kleyft
- Upplýsingar um hvernig slíkt er framkvæmanlegt hefur verið komið til ráðuneytisins, beðið eftir viðbrögðum



Hver ver hagsmuni viðskiptavina/neytenda?

- Í dag er lögregluþyrifirvöldum skylt að tilkynna þeim sem aðgerðin beindist gegn um hana eins fljótt og auðið er, þó þannig að það skaði ekki frekari rannsókn málsins
- Ríkissaksóknari á að hafa eftirlit með því að lögreglan sinni þessari skyldu sinni.
- Væri réttara að skipa réttargæslumann þess sem aðgerðin beinist að?

